



# Erindisbréf umhverfisnefndar Skútustaðahrepps

## I. Stjórnskipuleg staða og skipan

### 1. gr.

Umhverfisnefnd fer í umboði sveitarstjórnar með þá málaflokka sem henni eru falin. Eins og hjá öðrum nefndum er meginhlutverk þessarar nefndar ráðgjöf og stefnumótun. Ákvarðanir hennar eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnar.

Skipulagsfulltrúi starfar með nefndinni eftir því sem við á og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Skipulagsfulltrúi og sveitarstjóri hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

### 2. gr.

Meginhlutverk nefndarinnar er að fjalla um umhverfismál í Mývatnssveit samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem varða viðfangsefni hennar, með það að markmiði að sveitarfélagið verði til fyrirmyndar á landsvísu í málaflokknum.

### 3. gr.

Í umhverfisnefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

### 4. gr.

Nefndin kýs formann og varaformann á fyrsta fundi sínum. Skipulagsfulltrúi ritar fundargerðir.

## II. Hlutverk nefndarinnar

### 5. gr.

Meðal verkefna nefndarinnar eru:

- Að móta stefnu í umhverfismálum sveitarfélagsins og vera ráðgefandi þegar kemur að því að framfylgja umhverfisstefnu sveitarfélagsins á hverjum tíma.
- Að móta stefnu um refa- og minkaeyðingu skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.
- Að fjalla um og hafa eftirlit með framkvæmd samnings sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar um refaveiðar.
- Að fjalla um meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflifun þeirra í samræmi við lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit þar sem við á.



- Að vinna með íbúum og fyrirtækjum að jákvæðri vitundarvakningu um gildi umhverfismála og grænna lausna í starfsemi fyrirtækja og heimila.
- Að móta stefnu um sorphirðu og vera ráðgefandi þegar kemur að eftirfylgni og umsjón sveitarfélagsins.
- Bera ábyrgð á skipulagi hreinsunardags á hverju ári og stuðla almennt að góðri umgengni í sveitarfélaginu og ásýnd umhverfisins.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og umsagnar um mál er snerta lög um verndun Laxár og Mývatns nr 97/2004 og laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 og eftir atvikum önnur lög og reglugerðir sem undir starfssvið nefndarinnar heyra.
- Að gera árlega tillögur til sveitarstjórnar um hverjum veita skuli viðurkenningu fyrir snyrtilegan frágang lóðar og umhverfis.
- Að stuðla að náttúruvernd, skógrækt og landgræðslu skv. náttúruverndarlögum og lögum um landgræðslu.
- Að veita umsögn við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum sbr. 33. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Að vera tengiliður sveitarfélagsins við fagstofnanir á sviði umhverfismála auk annarra sem undir málaflokkinn heyra.
- Veita umsögn um fjárhagsáætlun þeirra málaflokka sem eru á verksviði nefndarinnar.

Í störfum sínum skal nefndin hafa gott samráð við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við. Formenn nefnda skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári t.d. í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar eða þegar verkefni nefnda skarast eða ef mál þarfnast umfjöllunar í fleiri en einni nefnd.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu með hagsmunum umhverfisins í fyrirrúmi, með það fyrir augum að hagsmunir íbúa séu þar með best tryggðir í nútíð og framtíð.

#### **6. gr.**

Í störfum sínum skal umhverfisnefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfsvið hennar heyra. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps eftir því sem við á eins og hún er hverju sinni.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma samkvæmt fundadagatali sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir. Formaður sér um að boða nefndina til fundar í samráði við skipulagsfulltrúa og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá)



rafrænt til nefndarmanna, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti ásamt fylgigögnum. Almenna reglan er sú að gögn fyrir fundi séu aðgengileg rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa og nefndarmanna inn á fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður umhverfisnefndar stýrir fundum nefndarinnar í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Skútustaðahrepps.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Nefndin skal halda fundargerðabók, heimilt er að hafa hana rafræna. Ritari færir fundargerðina en í hana skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal nefndarfólk undirrita fundargerðina. Um ritun fundargerða skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 22/2013, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One system og skal starfsmaður viðkomandi nefndar bera ábyrgð á eftirfylgni þessa ákvæðis.

Fundargerðum kemur formaður strax að fundi loknum til sveitarstjóra og sér hann um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar og birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

#### **7. gr.**

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

#### **Gildistaka**

#### **8. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum **sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011** um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Skútustaðahrepps.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 26. september 2018.

Mývatnssveit 26. september 2018.

---

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri